

Lögin sem einingarband samfélagsins – Íhuganir um samhengi laga og samfélags

Arnar Þór Jónsson, lektor við Lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Útdráttur

Í grein þessari er sjónum sérstaklega beint að tveimur grundvallarhugtökum: Lögum og samfélagi. Af eldri heimildum verður ekki glögglega ráðið að almennur málskilningur hafi dregið skýra markalínu milli samfélags annars vegar og laga hins vegar. Hvað sem framþróun á báðum sviðum líður hefur sambandið þarna á milli ekki enn rofnað og raunar má samhengið heita augljóst þegar að er gáð. Áhrifin eru víxlverkandi. Af gagnkvæmni þessari leiðir meðal annars að frelsis og réttinda verður ekki krafist án þess að menn axli samsvarandi ábyrgð og skyldur. Skilningur á þessum grunnþætti lagahugtaksins markar á þann hátt undirstöðu fyrir daglegt líf okkar og störf.

Efnisorð: Samfélag; samfélagssáttmáli; réttindi; skyldur.

The Law as the Bond of Society - Thoughts on the Correlation between the Law and Society

Abstract

This article is focused on two basic concepts: Law and Society. Older sources do not clearly indicate that a sharp distinction was commonly drawn between the society on one hand and the law on the other. Regardless of the evolution and progress which has been made in both areas the ties between these two subjects have not been disconnected. In fact, one does not have to reflect long on the matter to understand the obvious and necessary coherence. The influence is interactive. This reciprocity means, inter alia, that rights cannot be claimed



Icelandic Review of Politics and Administration Vol 11, Issue 1 (71–86)

© 2015 Contacts: Arnar Þór Jónsson, arnarthor@ru.is

Article first published online June 23rd 2015 on <http://www.irpa.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík, Iceland

Stjórnmal & stjórnsýsla 1. tbl. 11. árg. 2015 (71–86)

© 2015 Tengiliðir: Arnar Þór Jónsson, arnarthor@ru.is

Vefbirting 23. júní 2015 - Birtist á vefnum <http://www.irpa.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík

DOI:<http://dx.doi.org/10.13177/irpa.a.2015.11.1.5>

This work is licensed under Creative Commons Attribution 3.0 License

without the shouldering of corresponding duties. Comprehension of this basic strand in the concept of law demarcates the basis for our everyday existence.

Keywords: Society; social contract; rights; duties.

1. Lagahugtakið að fornu og nýju

„Það mun verða satt, er vér slítum í sundur lögin, að vér munum slíta og friðinn.“

Þorgeir Ljósveitningagoði (Íslendingabók)

1.1 Almenn

Hugtakið lög stendur í forgrunni allrar pólitískrar, samfélagslegrar og auðvitað lögfræðilegrar umræðu nú á tímum. Í þjóðmálaumræðu síðustu missera, nánar tiltekið eftir bankahrunið 2008, hefur eftirtektarverð afstaða til laga og samfélags ítrekað skotið upp kollinum, m.a. á bloggsíðum og umræðuþráðum vefmiðla, þ.e. að gera beri hina svokölluðu *útrásarvíkinga* útlæga (sjá t.d. Jónas Kristjánsson 2009; Lára Hanna Einarsdóttir 2008; Áhöfnin á Hákon EA-148 2011; Bland.is 2011). Í ljósi efnahags- og stjórnmálaástands á Íslandi, eins og því hefur verið háttað eftir bankahrunið, þótti höfundur þessi skoðun við fyrstu sýn ekki fullkomlega rökrétt. Sú hugsun hefur þó reynst mjög áleitin hvort ummæli af framangreindum toga endurómi mögulega ævaforan skilning á orðinu *lög* sem hvorki nútímalögfræði né nokkur heildarkenning um lögin hefur náð að útrýma úr íslensku samfélagi.

Strax hér erum við komin út á hin djúpu mið. Hver sem freistar þess að seilast eftir kjarna lagahugtaksins getur átt erfitt með að ná handfestu. Lærðustu lögspekingar hafa veitt - og veita enn - ólík svör við spurningunni um afmörkun laga (sjá t.d. Hafsteinn Þór Hauksson og Skúli Magnússon 2014). Í íslensku lagamáli nútímans er tvenns konar skilningur lagður í hugtakið, ýmist þröngur eða rúmur. Í þrengri merkingu skírskotar lagahugtakið einungis til þeirra fyrirmæla sem sett hafa verið af handhöfum löggjafarvalds með stjórnskipulega réttum hætti (Sigurður Líndal 2003, 5). Í rýmri merkingu tekur lagahugtakið til allra gildandi *réttarreglna*, hver sem uppruni þeirra er, og án tillits til þess hvort þær eru skráðar eða óskráðar (Sigurður Líndal 2003, 3 sjá einnig Björn Þ. Guðmundsson 1973, 236). Þá skal það og nefnt, sem Sigurður Líndal hefur bent á og undirritaður hefur vísað til í fyrri greinum, að lagahugtakið merkti í fornu íslensku lagamáli hvers konar háttarnisreglur sem mönnum var talið skylt að hlýða, án tillits til uppruna, þ. á m. siðareglur, siðgæðisreglur og trúarreglur (Sigurður Líndal 2003, 3). Hið síðastnefnda atriði skiptir ekki litlu máli í þeirri umfjöllun sem hér kemur fyrir augu lesandans.

Hin fleygu orð Þorgeirs Ljósveitningagoða, sem vitnað er til hér að ofan, skreyta á okkar dögum innganginn í stærri dómsal Hæstaréttar Íslands. Af sambengi þeirra aðstæðna sem tilvitnuð orð Ljósveitningagoðans voru skírskotun til má ljóst vera að þar var vísað til laga í hinum forna og víðtæka skilningi. Þótt langir skuggar orðanna falli á lögmenn þar sem þeir standa við ræðupúltið í Hæstarétti má heita sjaldgæft að þar sé

í málflutningi vísað berum orðum til laga í svo rúmri merkingu, þótt í sjálfu sér standi ekkert í vegi fyrir því ef málsatvik og framkomnar málsástæður gefa tilefni til þess. Allt framangreint er nefnt hér til að draga fram það breiða litróf sem lagahugtakið nær til, því rétt er að menn séu meðvitaðir um dýpt þessa hugtaks, jafnvel þótt hefðbundin mála-færsla notist að meginstefnu við hið afmarkaða svið setts réttar.

Í ofangreindum orðum hins gamla sáttamiðlara endurómar sá skilningur manna á lögum, sem í sögulegu samhengi var ríkjandi til skamms tíma. Í þessu felst ekki síst að lög, réttlæti, siðferði og samfélag skarist með svo nánum hætti að ekki verði skýrlega þar á milli skilið. Þessi skilningur á lagahugtakinu býr að baki orðavali því sem höfundur Njálu lagði bóndanum að Bergþórshvoli í munn þegar hann gerði greinarmun á lögum annars vegar og ólögum hins vegar. Í umræðum um lög nú til dags er næsta lítill gaumur gefinn þeirri breytingu á inntaki laga sem hin tæknilega lagaframkvæmd hefur alið af sér. Undir þeim kringumstæðum getur verið holar hljómur í því að segja að *með lögum skuli land byggja*, því ljóst má vera að lögum í þrengri merkingu nútímalögfræði er unnt að beita sem kúgunartæki og gera með þeim meira ógagn en gagn. Gangi menn of hart fram í því að greina lög frá öðrum fyrirbærum, svo sem siðfræðilegum undirstöðum, þyrfti samhliða slíkri viðleitni að gera ráðstafanir til að upplýsa almenning um þær áhættur sem slíki skurðaðgerð geta verið samfara, m.a. þá hættu að óbilgjarnir valdhafar beiti settum lögum í þrengri og rýmri merkingu sem hverju öðru verkfæri í þágu eigin eða sérhagsmuna en gegn almennari hagsmunum (Sigurður Línal 2003, 79 o.áfr.).

Sú afstaða til samfélagslegrar og lagalegrar stöðu ætlaðra brotamanna sem lýst var hér að framan er ekki nauðsynlega úr lausu lofti gripin. Ástæðan getur verið sú, að djúpt í vitund þjóðarinnar búi enn hugmyndin um lög sem einingarband samfélagsins, sem samfélagsáttmála, með öðrum orðum um lögin í hinum eldri skilningi sem Þorgeir Ljósveitningagóði vísaði til í áður tilvitnuðum orðum sínum. Umræða um skóggang og fjörbaugsgarð byggir nú sem fyrr á því að þeir sem taldir eru hafa vegið að þessum áttmála og rofið lögin og þar með friðinn, sem samfélag okkar grundvallast á, skuli af þeim sökum „fjarlægum ala aldur sinn í löndum“, svo notuð séu orð þjóðskáldsins Jónasar Hallgrímssonar (1989,77). Segja má að þessi viðtekasti skilningur lagahugtaksins marki útgangspunktur þeirrar umfjöllunar sem hér fer á eftir.

1.2 Auðmýkt frammi fyrir viðfangsefninu

Laganemum, svo ekki sé talað um útskrifaða lögfræðinga, kann að þykja óþægilegt að standa frammi fyrir því að menn skuli enn, á 21. öld, færa fram ólíkan skilning og skilgreiningar á lögum. Allt að því yfirþyrmandi getur verið að virða fyrir sér alla þá hillumetra af bókmenntum, sem lærðustu menn hafa fundið sig knúna til að skrifa um efnið í leit að svari. Sannarlega getur það verið næsta vandræðalegt fyrir mann sem á að heita sérfróður um lög, að þurfa að játa að deila megi um hvernig afmarka beri þann grundvöll sem starf hans og afkoma byggist á.

Það er margt undarlegt við þá stöðu sem lögfræðingar hafa kosið sér. Að hve miklu leyti getum við staðið undir því nafni að vera fræðingar í lögum ef við eigum í erfið-

leikum með að skilgreina lagahugtakið? Vart þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að starfsstétt skilji viðfangsefni sitt fyllilega. Með líkum hætti og tannlæknir þarf að geta skilgreint og skilið hvernig tönn er uppbyggð, hlýtur lögfræðingur að geta sinnt verkum sínum betur eftir að hafa dýpkað skilning sinn á lögunum og sett þau í víðara samhengi, ekki síst við hinn mannlega þátt sem lögin endurspeglar og er ætlað að bregðast við.

Eftir standa, nú sem fyrr, margháttaðar spurningar sem allir hugsandi lögfræðingar hljóta að velta fyrir sér á einhverju stigi starfsferils síns. Í reynd eru þessi álitæfni þó ekki þess eðlis að lögfræðingar einir láti þau sig varða. Samband laga og samfélags er ekki minni háttar mál því dag hvern eiga borgararnir þátt í að móta réttarframkvæmdina með athöfnum sínum, þ. á m. í verslun og viðskiptum. Slíku frelsi fylgir ábyrgð, sem endranær. Þá eru jafnframt stórkostlegir og augljósir samfélagslegir og lagalegir hagsmunir tengdir því að embættismenn, dómara og aðrir þjónar réttarins sem taka ákvarðanir í nafni laga nálgist viðfangsefnið með gagnrýnum huga og auðmýkt, svo eitthvað sé nefnt.

1.3 Ólíkar lýsingar fræðimanna

Okkur sem nú lifum hættir til að skoða fortíðina með gleraugum samtímans. Við hneigjumst til þess að nota núgildandi viðmið sem mælikvarða á það sem gert var fyrr á tímum. Í slíku ljósi getur margt sem áður þótti fyllilega réttlætanlegt, vírst öldungis óskiljanlegt. Okkur lögfræðingum hættir einnig til þess að bregða mælikvarða þeirra fræða sem við höfum numið á allt það sem snertir lög og lagakerfi fortíðarinnar. Nútímalögfræði dugar skammt til að skilja þá nálgun sem áður var viðhöfð gagnvart lögunum. Þannig er meðal annars ætlast til að laganemar nútímans læri að gera greinarmun á *lögum* í þrengri og rýmri merkingu, en kunni jafnframt skil á *settum rétti* í þrengri og rýmri merkingu, sbr. það sem fyrr greinir. Að námi loknu tekur þetta sama fólk til starfa á ýmsum sviðum lögfræðinnar. Í dagsins önn gefst starfandi lögfræðingum, lögmönnum og dómurum sjaldnast mikið tóm til að velta fyrir sér lagahugtakinu sem slíku, enda má sjaldgæft heita að þeir sem greiða lögfræðingum fyrir vinnustundir þeirra hafi ríkan skilning á gagnsemi slíkra bollalegginga. Í stétt lögfræðinga, líkt og sennilega í öllum öðrum stéttum, finnast þó menn sem láta sér ekki nægja að móta efniviðinn eftir kúnstarinnar reglum, heldur finna hjá sér þörf til að rannsaka efnið sem unnið er með, kannski í þeim tilgangi að skilja eiginleika þess betur eða af einskærri fróðleiksfýsn. Þannig hefur lagahugtakið orðið fræðimönnum tilefni til umhugsunar og rannsókna á liðnum öldum og áratugum. Ef freista ætti þess að draga fram helstu niðurstöður þeirra víðamiklu rannsókna sem hér um ræðir og finna má í löngum bókaröðum víðsvegar um heiminn, þá mætti lýsa því sem svo að enn sé deilt um það hvernig best sé að lýsa lögunum.

Frammi fyrir þessu öllu ber að hafa í huga að ef einungis afmörkuðum þáttum eða einkennum fyrirbæris er lýst geta mismunandi hlutar birst á svo ólíkan hátt að nærtækast væri að álykta sem svo að um ótengd atriði sé að ræða, jafnvel þótt svo sé alls ekki. Þrír blindir menn sem fengju það verkefni að lýsa því sem þeir finna með snertingu sinni gætu gefið mjög ólíka lýsingu á einni og sömu skepnunni eftir því hvort þeir stæðu fyrir framan, aftan eða til hliðar við dýrið. Á pappírnum gætu lýsingar þeirra vírst svo ólíkar

að efast mætti um að þær ættu nokkuð sameiginlegt. Líkt getur verið farið með lagahugtakið og ef haldið er áfram eftir þessum brautum aðgreiningarinnar gætu menn jafnvel farið að ímynda sér að lög og samfélag séu með öllu aðskiljanleg fyrirbæri. Íhugun sú sem hér birtist er ekki síst rituð til að árétta að svo er alls ekki.

Út frá kröfum gagnrýnnar hugsunar hljótum við að nálgast viðfangsefni okkar með opnum huga í leit að skilningi. Ólíkar skilgreiningar á lagahugtakinu birta afstöðu einstakra höfunda, skoðanir þeirra og álit. Með fullri virðingu fyrir hverjum þeim sem tekið hefur til máls á þessum vettvangi, og hversu spakvitrir sem viðkomandi mega teljast, þá vegur skilgreining einstakra manna ekki svo þungt á vogarskálum upplýsingarinnar. Hver sá sem leitar sannleikans hlýtur að freista þess að öðlast yfirsýn og sjá heildarmynd af viðfangsefninu áður en hann tekur nokkra afstöðu. Til þess að unnt sé að draga fram slíka heildarmynd þarf að skoða þá hugmyndafræði sem liggur einstaka skilgreiningum til grundvallar. Í umræðum um lög og lagakenningar ber að gæta þess sem endranær að athyglin beinist að málefnum fremur en persónum þeirra sem leiða þá umræðu. Í rökræðum um réttarheimspeki og lagalega aðferðafræði kristallast oftast en ekki gamall ágreiningur í nýjum búningi. Í grundvallaratriðum eru þar dregnar upp ólíkar myndir af lagafyrirbærinu. Rétt þykir að víkja nokkru nánar að þessu.

1.4 Lagakenningar bregða mismunandi ljósi á lagahugtakið

Svo sem lesandanum má vera orðið ljóst er unnt að nálgast lagahugtakið með ýmsum hætti, enda er alkunna að kenningar um lög veita hér mismunandi svör. Kenningar af ætt vildarréttar myndu svara spurningunni með því að vísa á settar réttarreglur sem hin dæmigerðu lög. Kenningar af ætt náttúruvéttar væru líklegri til að vísa til undirliggjandi meginreglna í þessu sambandi. Raunhyggjan vísar hins vegar á framkvæmd dómstóla og aðra lagaframkvæmd og segir kjarna laganna helst birtast þar. Fyrirsvarsmenn femínískra lagakenninga vilja meðal annars opna augu manna fyrir áhrifaleysi kvenna á vettvangi laga og réttar í gegnum tíðina. Með því að það sem hér er sett á blað miðar aðeins að því að draga fram meginrætti verður í því sem á eftir fer forðast eftir fremsta megni að gera of mikið úr því sem aðgreinir hinar ýmsu kenningar um lög. Þess í stað verður meira rými lagt undir það sem sameinar.

Í stað þess að fjalla hér í löngu máli um kenningu Nozicks um lágmarksríkið og þau gildi sem telja má að liggi slíku ríki til grundvallar, svo sem frið, frelsi og öryggi (Nozick 1974); í stað þess að reifa hér kenningu Harts um lágmarksinntak náttúruvéttar (Hart 2012) eða kenningu John Finnis um meginreglur náttúruvéttarins (Finnis 1980); fremur en að gera grein fyrir kenningu Fullers um lög í ljósi skyldubundins siðferðis (e. morality of duty) (Fuller 1969); í stað þess að fjalla hér um kenningu Rawls um réttlætið (Rawls 2000); í staðinn fyrir að fjalla í löngu máli um kenningu Dworkins þess efnis að meginreglur birti kjarna laganna og um heilindi (e. integrity) sem hugsjónina að baki lög-unum (Dworkin 1986); þá verður hér höfð skemmri skírni á framsetningunni. Áherslunum ofangreindra höfunda verður hér lagður til hliðar og öðrum eftirlátið að fjalla um það efni. Þess í stað leyfir undirritaður sér að setja hér fram þá ályktun að framangreindir höfundar séu í stórum dráttum sammála um vissa efnislega¹ grunnþætti, þ.e. tiltekin

samfélagsleg undirstöðugildi sem lögin byggja á, þótt þá geti greint á um hvort slík atriði eigi að teljast þáttur í sjálfu lagahugtakinu.

Lögin hafa í gegnum aldirnar fetað langa þróunarbraut. Á þeim tíma hefur með endurteknum hætti brugðið fyrir öllum þeim einkennum og áherslum sem áhugamenn um lög, bæði leikir og lærðir, hafa reynt að benda á sem aðalsmerki laga. Réttarsaga er í reynd ekki annað en mannkynssaga frá afmörkuðum sjónarhóli. Hvað sem því líður má segja, að hvort sem við skoðum lögin út frá sjónarhóli þeirra sjálfra eða þess mannfélags sem þau þjóna, eru fáar ályktanir nærtækari en sú að erfitt sé að hanna eitt sniðmát sem öll lög passa inn í eða sem útskýrir hvern einasta þátt lagafyrirbærisins til hlítar. Þótt rammar og skordur geti verið til skilningsauka geta slík fyrirbæri einnig hamlað skilningi. Lögin á þróunarleið sinni eru á vissan hátt eins og „höfundar“ þeirra, mennirnir, sem að lokinni langri vegferð telja sig jafnvel hafa lært að þekkja sjálfa sig, en halda þó sífellt áfram að koma sjálfum sér á óvart, bæði í jákvæðu og neikvæðu tilliti. Með þessu er undirritaður ekki að segja að ritun og/eða lestur lagakenninga verði að teljast tímasóun. Þvert á móti geta slík fræði dýpkað skilning okkar á lögum. Af fullkominni hógværd gagnvart stærð viðfangsefnisins og eigin takmörkunum leyfi ég mér að telja, að lögin séu ekki einvörðungu kerfi reglna, ekki aðeins spádómar um hvað yfirvöld muni gera, ekki einungis fyrirskipanir til stjórnvalda eða til borgaranna, viðtekinn skilningur á lögum, hugmyndafræði, hegðunarreglur sem framfylgt er með viðurlögum eða venjuhelgaðar og almennt viðurkenndar reglur. *Lögin eru þetta allt í senn* (Sjá t.d. Jørgensen 1970, 38).

2. Samfélag manna

Frá því sögur hófust – og vafalaust löngu fyrr – hafa menn, hvar sem er á jarðarhnettinum, lifað í samfélögum, þar sem fleiri eða færri einstaklingar hafa fylgt að eða haft samband sín á milli og háð lífsbaráttu sína í sameiningu. Þessi samfélög hafa verið mjög mismunandi að stærð, allt frá einstökum fjölskyldum og upp til stórvelda nútímans.

En eitt mun þó að líkindum hafa verið sameiginlegt með þeim öllum, smáum og stórum: Innan hvers samfélags hafa einstaklingarnir verið tengdir hver öðrum með einhverjum sambúðarreglum eða venjum, sem þeir hafa orðið að hlíta í umgengni sinni hver við annan, en þola að öðrum kosti einhver óþægindi frá samfélaginu (Þórður Eyjólfsson 1967, 9-10).

Maðurinn, rétt eins og þær dýrategundir sem skyldastar eru mannum, fædist inn í samfélag og lifir í samfélagi með öðrum. Við þurfum ekki að vera sérfræðingar í þróunar-kenningunni eða náttúrufræði til að sjá í hendi okkar allar þær ógnir og hættur sem steðjað hafa að mannkyninu í þróunarsögu þess. Andspænis ofurefli náttúruafllanna, grimmd rándýranna eða eitri skordýra má maðurinn sín lítills og það segir fátt af einum. Á langri leið sinni í gegnum aldir og árþúsund hafa mennirnir þurft að reiða sig á hópinn, sem þeir tilheyrðu, um vöktun, varnir og öflun lífsbjargar. Kynslóð fram af kynslóð hafa

menn þróað með sér aukna hæfni til samskipta við annað fólk. Hæfileiki okkar til að lesa í hegðun annarra og skilja hvað býr að baki svipbrigðum, raddblæ og líkamstjáningu getur ekki aðeins varað okkur við hættu, heldur einnig gert okkur kleift að ferðast óralangt frá heimkynnum okkar og eiga vitsmunaleg samskipti og síðar viðskipti við þá sem á vegi okkar verða. Með sama hætti má ljóst vera að það getur reynst mönnum dýrkeypt að brjóta í bága við almennt viðurkennda hegðun í hverju samfélagi fyrir sig. Í samræmi við tilvitnuð orð Þórðar Eyjólfssonar hér að framan hljótum við þannig að gera ráð fyrir að menn hafi frá örófi talið sig bundna af einhverjum reglum. Gera má ráð fyrir að þessar reglur hafi borið viðkomandi samfélagi vitni, meðal annars um atvinnuhætti, viðskipti, trúmál o.fl. Í samræmi við það má einnig vænta þess að reglur hvers samfélags endurspegli gildismat þess, svo sem um hvað talið er æskilegt og óæskilegt.

3. Um samhengi laga og samfélags

Að líkindum er ekki unnt að tala um samfélag manna fyrr en meðlimir þess hafa sam-einast um einhvers konar reglur - þ.e. lög í einhverjum skilningi - sem þar eigi að gilda. Um leið er ljóst að lög standa ekki undir nafni ef gildissvið þeirra er ekkert, hvorki í tíma né rúmi.

Hvert sem lítið er í sögunni eða í nútímanum blasa við okkur samfélög manna. Þau birtast í öllum stærðum og gerðum, stór og smá, í öllum litbrigðum flórunnar. Jafnvel hér á Íslandi fyrr á tímum, þegar samgöngur voru erfiðleikum bundnar og hver var sjálfum sér næstur í þeim skilningi að sjálfsþurftarbúskapur var stundaður á hverjum bæ, litu menn á sig sem hluta af einu samfélagi, þótt fjöll og dalir skildu að. Birtist það hvað skýrast í þeirri staðreynd að ferðir um landið hefðu verið útilokaðar hefðu ferðamenn ekki getað reitt sig á húsaskjól og aðstoð ef á þurfti að halda. Andfélagsleg hegðun hefur sjálfsagt alltaf fyrirfundist, en þá, sem nú, hefur slíkt verið algjört frávik frá því sem almennt tíðkast og því óþarft ræða um það í löngu máli.

Þróuð samfélög nútímans lúta reglum, bæði í stóru sem smáu. Gera má ráð fyrir að á upphafsstigum þessarar þróunar hafi samfélag manna ekki skráð þessar reglur sér-staklega. Við þessar aðstæður lúta samskipti manna reglum sem kenndar eru ýmist með orðum eða með athöfnum og fordæmi. Nútímamaður sem reynir að fá heildarmynd af þeim reglum eða viðmiðum sem giltu í tilteknu samfélagi fyrr á öldum gæti átt erfitt með að afmarka hvar lögum í nútímaskilningi sleppir og annars konar reglur taka við.

Í þessu samhengi er nærtækt að líta til ýmissa þeirra orða og orðasambanda í íslensku máli sem endurspeglu þá klassísku og víðtæku merkingu lagahugtaksins sem hér að framan hefur verið gerð að umtalsefni. Þegar menn til dæmis „segja sig úr lögum“ hver við annan býr sú hugsun að baki að þeir slíti félag sitt eða rjúfi samneyti. Endurspeglast í þessu sú forna merking laganna sem nær til samfélags manna. Sést þessari merkingu einnig bregða fyrir í heitum landsvæða, sbr. orðin Danalög og Þrændalög, en jafnframt í orðasamböndum eins og að „leggja lag sitt við“, auk orða á borð við félag og - augljóslega - samfélag. Orðalag Grágásar „í vorum lögum“ (Grágás 1992, 52) endurspeglar þetta þar sem lögin verða ekki skýrlega greind frá því samfélagi eða landsvæði þar sem

þau eru talin gilda. Sigurður Líndal hefur bent á annað skýrt dæmi um þetta úr Grágás (Sigurður Líndal 2003, 3), þar sem segir: „Þá er manni frelsi gefið að fullu er hann er í lög leiddur (Grágás, 1992, 133).“

Ofangreindar áherslur endurspeglast meðal annars í upphafsorðum jósku laga Valdimars II. frá 1241 „Med lov skal land bygges“, sem og þeim fleygu orðum sem höfundur Njálssögu leggur í munn Njáls á Bergþórshvoli, að með lögum skuli land byggja en með ólögum eyða. Hér skal ítrekað að hin forna skírskotun til laga í þessu samhengi er rýmri en svo að hún rúmi aðeins boð og bönn sem stafa frá ædstu handhöfum almannavalds. Hin eldri merking skírskotar til laganna sem samfélagslegs fyrirbæris, sem til eru orðin fyrir sammæli borgaranna allra og líta ber á sem sameign þeirra og jafnvel nokkurs konar samfélagssáttmála (sjá til hliðsj. Arnar Þór Jónsson 2010, 236). Út frá hinum síðarnefnda sjónarhóli má líta svo á að með því að rjúfa lögin rjúfi menn um leið sáttmála manna og þar með friðinn. Áherslur í þessa veru má greina í eftirfarandi ummælum sem Plátón eignar Sókratesi:

Gættu nú að Sókrates,“ mundu lögin ef til vill líka segja, „hvort við höfum rétt að mæla, að það sem þú ætlar nú að gera oss, sé rangt. Það erum vér, sem höfum þig í heiminn borið, fóstrað þig og frætt og miðlað þér, eins og öllum öðrum þegnum, af þeim fríðindum, sem oss var unnt að veita. Eigi að síður gefum vér hverjum Aþenumanni, jafn skjótt og hann hefur náð lögdri og kynnt sér háttu ríkisins og oss lögin, kost á að velja um, og lýsum yfir því, að hverjum manni skuli vera frjálst að taka með sér það sem hann á, og fara þangað sem hann vill, þó að oss þyki fyrir því. Hvort sem einhver yðar vill flytjast til nýlendu, ef hann fellir sig ekki við borgina og oss lögin, eða hann vill fara til annarra landa og setjast þar að, þá eru engin af oss lögunum því til fyrirstöðu, að hann fari á brott og hafi með sér eigur sínar. En hver yðar sem verður kyrr, þegar hann sér, hvernig vér dæmum dóma og stjórnnum öðrum borgarmálum, köllum vér, að hafi í verki skuldbundið sig til að gera það, sem vér bjóðum honum. Sá maður, sem síðan þrjóskast við oss, segjum vér að fremji þreföld rangindi: Í fyrsta lagi óhlýðnast hann oss foreldrum sínum, í öðru lagi oss, sem höfum veitt honum uppeldi og fræðslu, og í þriðja lagi rýfur hann samning við oss og hvorki hlýðir oss né sannfærir, ef vér breytum ekki rétt. Og þó að vér skipum honum ekki með hörku, heldur gefum honum kost á að velja eitt af tvennu, annaðhvort að hlýða oss eða sannfæra oss, þá gerir hann engu að síður hvorugt (Platon 1973, 91-92).

4. Samfélagssáttmáli

Saga mannkyns er saga ótrúlegrar aðlögunarhæfni. Mannskepnan hefur numið land og búið á svæðum sem eru frámunalega ólík, allt frá heitustu eyðimörkum til köldustu íshjara. Maðurinn lærir snemma að aðlagast aðstæðum sínum og umhverfi, þ. á m. að

hegða sér í samræmi við viðtekin gildi, viðmið og reglur. Markmið þessara reglna er í flestum tilvikum að gera mönnum kleift að lifa í friði við aðra. Til þess að svo megi verða þarf maðurinn að tileinka sér tiltekið hegðunarmynstur og viðmót gagnvart öðrum.

Snemma hafa menn sammælt um hvers konar atferli gæti talist æskilegt og hvað væri óæskilegt. Æskileg hegðun birtist í formi dyggða. Óæskileg hegðun í formi lasta. Eins og áður hefur verið vikið að beitir samfélagið ýmsum aðferðum til að hvetja menn til dyggðugs lífennis, sem bætir og fegrar mannlífið, en letja menn til lasta, sem leiða til sundrunar og ófriðar. Trúarreglur, háttsemis- og síðareglur, venjur og síðar settar réttarreglur eru allar sprotnar af þessum eina og sama meði, þ.e. viðleitni til að koma á friði og varðveita hann. Þessu til stuðnings má vísa til þess að öll helstu trúarbrögð mannkyns boða mannkærleika, umburðarlyndi, hjálpsemi o.fl. Allt endurspeglar þetta þá almennu vitneskju, að ekkert samfélag getur staðið undir nafni ef gripdeildir, limlestingar og morð viðgangast og ef böndum er ekki komið á þá sem standa fyrir meingerðum gegn samborgurum sínum.

Í riti sínu *Stjórnspekin* virðist Aristóteles ganga út frá því sem gefnu að maðurinn hafi ávallt búið í samfélagi við aðra menn (Aristóteles 1997, 11). Samkvæmt lýsingu Aristótelesar getur maðurinn ekki annað en fæðst inn í samfélag og því er aldrei gerður neinn eiginlegur sáttmáli um það hvernig sambýli hans við aðra skuli háttað. Á 17. öld setti enski heimspekingurinn Thomas Hobbes fram hugmynd sína um hinn svokallaða samfélagssáttmála. Eins og umfjöllunarefni þessarar greinar er vaxið þykir ekki verða hjá því komist að nefna samfélagssáttmálann á nafn, enda hefur hugmyndin verið býsna lífseig í umræðum um lög og bregður á ýmsan hátt ljósi á viðfangsefni þessarar greinar. Hobbes varpaði þessu fram í eftirfarandi samhengi:

Ástríðurnar sem koma mönnum til að halda frið, eru óttinn við dauðann, löngun í þá hluti sem skapa þægilegt lífni, og von um að með iðjusemi verði yfir þá komist. Og skynsemin leggur til hentugar reglur til að tryggja frið, sem menn geta sameinast um. Þessar reglur nefnast lög náttúrunnar (Hobbes 1985, 76).

Upphafspunktur flestra kenninga um samfélagssáttmálann felst í því að draga upp mynd af stöðu mála ef engin lög eða reglur væru til staðar. Thomas Hobbes nefndi slíkt ástand ríki náttúrunnar (e. state of nature), sem einnig má kalla hið náttúrulega ástand, þar sem varanlegt stríðsástand ríkir, allir á móti öllum (Hobbes 2007, 76).

Hobbes lagði á það áherslu að til þess að komast úr ríki náttúrunnar þurfi að setja á fót ríkisvald sem heldur fólkinu í skefjum, tryggir að fólk geti lifað í sátt og samlyndi og að það standi við gerða samninga hvert við annað (Hobbes 1985, 185). Fólk verður því að samþykkja að reglur séu láttnar gilda um samskipti þeirra og komið sé á fót stofnun sem hefur nauðsynlegt vald til að framfylgja þessum reglum (Rachels 1997, 188). Hobbes taldi að stofnað hefði verið til ríkisvalds með gagnkvæmri skuldbindingu manna á milli, þar sem ríkinu væri veitt vald til að veita þegnum vernd. Samhliða slíkri vernd gæfi fólk eftir sérstakan rétt sinn til slíkrar réttarvörslu. Það væri í reynd endurgjaldið

fyrir þá vernd sem ríkið léti þeim í té (Hobbes 2007, 183). Slíkt samkomulag, sem sérhver borgari er talinn eiga aðild að, hefur verið nefnt samfélagsáttmáli.

Með skírskotun til kenningarinnar um samfélagsáttmálann má freista þess að útskýra ekki aðeins tilgang ríkisvalds, heldur einnig grundvöll siðferðis. James Rachels segir að tilgangur ríkisins sé að framfylgja mikilvægustu reglunum sem eru samlífi manna nauðsynlegar en siðferðið sé fólgið í öllum þeim reglum sem styrkja samlíf manna. Jafnframt segir Rachels að við getum ekki orðið siðferðisverur nema í skjóli samfélagsáttmálans vegna þess að áttmálinn skapar okkur svigrúm til að láta okkur annt um aðra (Rachels, 1997,188). Rachels lýsir hugmyndinni sem liggur samfélagsáttmálanum til grundvallar með eftirfarandi hætti:

Siðferði er fólgið í reglum sem kveða á um hvernig fólk eigi að koma fram hvert við annað, reglum sem skynsamt fólk samþykkir að fylgja sér til gagnkvæmra hagsbóta, að því tilskildu að aðrir fylgi þeim líka (Rachels 1997,189).

Hugmyndin um samfélagsáttmálann hefur sett mark sitt á umræðu um lög og samfélag frá því að Hobbes setti hana fram um miðja 17. öld. Fjölmargir höfundar á vettvangi laga-kenninga og stjórnmála hafa nálgast viðfangsefni sitt út frá þessari hugmyndafræði, þótt vissulega kenni ýmissa grasa á þessum vettvangi og margar útgáfur af hugmyndinni um samfélagsáttmálann hafi litið dagsins ljós. Af fyrri tíðar mönnum má nefna John Locke (f. 1632, d. 1704) og Rousseau (f. 1712 d. 1778), en um nýleg dæmi má vísa til manna á borð við John Rawls, sem notar hinn svonefnda fávísisfeld (e. veil of ignorance)² til að gera hlutaðeigandi höfundum hinnar nýju samfélagsgerðar ókleift að styrkja eigin stöðu á kostnað annarra (Rawls 2000, 118 o.áfr.).

Hobbes kaus að nálgast samfélagsfyrirbrigðið ekki sem tilviljun eða sjálfsprottið fyrirbæri, heldur út frá því að menn hafi beinlínis tekið ákvörðun um að búa í samfélagi hver við annan. Hvað sem líður áhrifum þeirrar hugmyndafræði sem hér hefur verið lýst, þ.e. að menn hafi í upphafi vega sammælt um það, með einum eða öðrum hætti, að skapa umgjörð um samfélag sitt með gerð áttmála þar að lútandi, er ástæða til að áréttta að hér er einungis um hugmynd að ræða. Hvorki Hobbes né aðrir sem unnið hafa út frá þessum útgangspunkti hafa nokkuð haldfast um það að slíkur áttmáli hafi í raun nokkru sinni verið gerður í því sem Hobbes nefnir „ríki náttúrunnar“ (Hobbes 2007, 73). Mikilvægir hugsuðir, þ. á m. Immanuel Kant hafa hafnað því að slíkt ástand hafi í raun nokkru sinni ríkt og taldi Kant hugmyndina hafa orðið til sem afsprengi rökhugsunar síðari tíma manna (Kant 1991, 79). Sem dæmi um andmæli við þessu má nefna að í bókinni *Law and Justice in Community* hafna fræðimennirnir Garrett Barden og Tim Murphy hugmyndinni um samfélagsáttmálann. Engu að síður telja þeir að hugmyndafræðin að baki slíkum kenningum hafi haft djúpstæð áhrif á sviði nútímafélagsfræði og -stjórnmálafræði. Þetta hafi leitt af sér áherslu á þá hugmynd að samfélag manna sé eins og hvert annað bandalag eða skipulag. Þetta hafi svo aftur orðið til þess að menn hafi farið að einbeita sér að því hvernig þjóðfélagið skuli byggt upp og hvaða aðferðum skuli beitt til að skipuleggja það. Í ofangreindri bók sinni leggja þeir Barden og Murphy fram aðra lýsingu á sam-

félagi manna, sem greinir sig í öllu verulegu frá hugmyndinni um samfélagssáttmálann. Þeir telja villandi að fjalla um samfélagssáttmálann sem grundvöll mannlegs samfélags, því mannfélagið hljóti að hafa orðið til af sjálfu sér. Það sé afsprengi eðlisbundinnar félagsþarfar mannskepnunnar, m.ö.o. búi menn saman af þeirri einföldu ástæðu að þeir geti ekki annað, en þetta er hinn óorðaði grundvöllur að baki umfjöllun Aristótelesar og Tómasar af Aquino um þetta atriði (Barden og Murphy 2010, 20-21).

Með skírskotun til kafla 2 og 3 hér að framan telur undirritaður að hvorugri kenningunni verði vísað á bug. Þannig verður þeim útgangspunkti heilags Tómasar ekki hafnað að maðurinn er „af konu fæddur“ (Jobsbók 14:1) og fæðist þar með óhjákvæmilega inn í samfélag með öðrum. Með sama hætti verður því ekki með skynsamlegu móti afneitað að á einhverju stigi þróunarinnar verði mönnum ljós skynsemin í því að „hver hafi lög við annan“ (Brennunjáls-saga 70. kap.) fremur en að beita hnefaréttinum. Hér ber allt að sama brunni: Lög og samfélag verða ekki aðgreind. Að þessu verður nú nánar vikið.

5. Lög eru samstarfsverkefni og byggjast á gagnkvæmum réttindum og skyldum

Milli laga og samfélags manna er stöðug víxlverkun. Þau bönd sem tengja þetta tvennt eru órjúfandi og marka jafnframt þann rauða þráð sem segja má að gangi í gegnum allt það sem tíundað er í grein þessari. Samningar og sáttmálar kveða bæði á um réttindi og skyldur. Að því leyti standa lög nær samningum en t.d. lofordum eða ákvöðum, sem geyma einhliða yfirlýsingar um réttindi móttakanda lofordisins eða ákvarðarinnar.³ Lög og samfélag byggjast bæði á gagnkvæmum réttindum og skyldum. Dofni tilfinning manna fyrir þessum tengslum, nánar tiltekið nauðsyn þess að gætt sé jafnvægis milli réttinda og skyldna, hlýtur það að horfa til skaða fyrir bæði lögin og samfélagið, svo sem dæmin raunar sanna. Sé samhengi hlutanna rofið í sífellu, til dæmis með því að leysa öll viðfangsefni upp í frumeindir og aðgreinda hluta, er tekin sú áhætta að yfirsýn tapist og að menn verði jafnvel úti, ef svo má segja, í kófi smáatriða. Hættan er með öðrum orðum sú að nauðsynlegt samhengi glatist við þessar aðstæður. Yfirsýn og heildarmynd er nauðsynleg forsenda þess að geta dregið upp þrívíða mynd af lögunum ekki síður en öðrum fyrirbærum.

Að þessu athuguðu er þó rétt að bæta því við, að lögin sjálf, svo marghliða sem þau eru og gagnleg til margra hluta, geta einnig orðið til þess að samhengið rofni og skilningur tapist. Birtist það ekki síst á vettvangi dómstólanna þar sem málsaðilar kunna að freista þess, með framlagningu skjalabunka, sundurliðun og niðurbroti, að gera einfalda hluti flókna og láta skylda hluti líta út sem óskylda. Getur þetta verið viðhaft sem málflutningsbragð til að rugla andstæðinginn og jafnvel dómarana eða til að freista þess að knýja fram niðurstöðu sem er umbjóðandanum hagfelld í lagalegu tilliti. Hið þrönga sjónarhorn sem dómstólum er ætlað að viðhafa gerir að verkum að dómsalurinn verður seint talinn heppilegasti vettvangurinn til að leysa úr pólitískum ágreiningi eða stórum hagsmunamálum samtímans, þótt sú sé engu að síður oft raunin meðan stjórnmálamenn víkja sér undan að taka erfiðar eða óvinsælar ákvarðanir (til hliðs). Tuori 2011, 258-259 einnig Sigurður Línadal 2003, 238).

Réttarríkið státar af því að veita réttindum borgaranna skjól og binda valdbeitingu ríkisvalds ströngum, skýrum og fyrirsjáanlegum skilyrðum. Af þeim ástæðum sem áður voru nefndar getur sífellt ákall um viðurkenningu réttinda verið varhugavert ef hin hlið sama penings kemur hvergi fram, borgurinum til áminningar. Að baki réttindum borgaranna standa samsvarandi skyldur gagnvart lögnum og gagnvart samfélaginu. Hræðsla við alræðistilburði ríkisvalds með vísan til skyldna borgaranna má ekki verða til þess að þessu grundvallaratriði sé rýmt út úr umræðunni og þar með út úr vitund almennings. Að öðrum kosti er ýmiss konar annarri hættu boðið heim, svo sem stjórnsýsla, sem ekki er víst að taki alræðinu fram.

Lög og samfélag standa aldrei hvort óháð hinu, ekki fremur en réttindi og skyldur eða frelsi og ábyrgð. Hvernig farnast réttarkerfi og samfélagi þar sem fair eða enginn vogar sér að færa skyldur fólks í tal? Nú á tímum er öll megináhersla lögð á frelsið. Okkur er boðað frá morgni til kvölds að frelsið sé okkur áskapað og að við höfum rétt til að hagnýta okkur það. Stjórnmalaflokkar, auglýsendur o.fl. gera mjög út á hugmyndir um frelsið. Frammi fyrir þessu má spyrja sem svo: Er frelsið ótakmarkað eða hvar liggja ytri mörk réttinda okkar? Vonandi veltir hinn almenni borgari slíkum spurningum fyrir sér í sínu daglega lífi, enda verður vart nokkur maður talinn sannarlega frjáls sem án skynsemi og viljastyrks stýrist aðeins af tilfallandi hvötum og löngunum.⁴ Vart verður um það deilt að frelsi án ábyrgðar er ávísun á ófarir. Í lagalegu og samfélagslegu tilliti þarf einnig að gæta að vissu jafnvægi milli réttinda og skyldna. Á þessum grunni er lögfræðingum rétt og skylt að spyrja sem svo: „Get ég í nafni réttinda skjólstæðings míns gert hvað sem er honum/henni til framdráttar eða getur verið að óbilgjörn framganga, jafnvel þótt sú barátta sé háð í nafni frelisis og mannréttinda, gangi svo langt að hún valdi skaða fyrir lögin og samfélagið?“ Hér er ekki gert lítið úr mikilvægi réttindabaráttu. Hins vegar stendur ekkert í vegi fyrir því að minnt sé á þá óvefengjanlegu staðreynd, að „réttindum mæta skyldur“, svo vitnað sé til orða Benedikts Björnssonar í bók hans um *Þjóðskípunag Íslendinga*, en rétt er að leyfa orðum Benedikts að tala sínu eigin máli, enda er hér listilega mælt: „Það er auðsætt, að réttindum mæta skyldur. Um einstigi skyldunnar liggur þroskaleiðin í lífi sérhvers manns“ (Benedikt Björnsson 1928, 6). Með hliðsjón af tilvitnuðum orðum má ljóst vera hvaða varnaðarorð höfundur þeirra hefði haft um það þjóðfélag sem dagana langa unir sér við réttindaumræðu en forsmáir skyldurnar. Í anda umræðu Sókratesar um lífið og dauðann, um andstæðurnar, sem geta ekki staðið sjálfstætt hvor án annarrar (Platón 1973, 121 o.áfr.), en einnig út frá sjónarmiðum um jafnvægi og samsvörun, er erfitt að ímynda sér nokkur réttindi án skyldna eða skyldur án réttinda.

6. Samantekt

Allt framangreint lýsir sprotum af sama meiddi. Lög eru órjúfanlegur þáttur samfélagsgerðarinnar. Ekkert samfélag getur verið til án laga í einhverjum skilningi. Hvert og eitt okkar, sem vill njóta þeirra forréttinda að búa að þróðu lýðræðis- og velferðarríki með öllum þeim réttindum og öllu því frelsi sem því fylgir, þarf að vera meðvitað um skyldur sínar gagnvart ríkinu, lögnum og samborgurinum. Frelsi okkar er ekki án ábyrgðar.

Réttindin eru veitt með skilyrðum. Eigi lög okkar að þróast og dafna borgurunum til verndar og framdráttar, verða allir þátttakendur í lagaframkvæmd að axla ábyrgð á þeim vexti. Samfélagið og lögin standa og falla með því hvernig við rækjum skyldur okkar í þessu tilliti. Lögin byggjast á þeirri forsendu, sem er ekki síst siðferðileg forsenda, að bæði borgarar og yfirvöld fylgi lögnum af bestu getu og leggi sitt af mörkum til að efla eða að minnsta kosti viðhalda ríki réttarins, réttarríkinu. Kröfurnar sem við gerum til okkar sjálfra og til annarra þátttakenda í réttarframkvæmdinni eru því ekki aðeins lagalegar, heldur einnig siðferðilegar. Þar með erum við komin aftur á þann stað sem lagt var upp frá hér að framan. Veikleikar í þessum efnum geta birst hvort sem er í því að ráðamenn misbeiti valdi sínu eða að borgararnir brjóti gegn skyldum sínum, t.d. með sviksemi eða undanskotum, með hótunum eða ofbeldi, með ágirnd eða óhófi. Af handahófi mætti nefna sem dæmi að skilningi á framangreindum vanda er ábótavant ef viðurkennt er orðið að borgarar geti sagt upphátt og án þess að depla auga, að þeir hyggist „að sjálfsgöðu“ ekki ætla að gefa tekjur sínar eða hluta þeirra upp til skatts. Að því gefnu að líf og tilvist laga og samfélags standi og falli með því að menn virði hvort tveggja og telji sig skuldbundna af þeim má segja að hver sem misvirðir þann grundvöll sé í raun farinn að hegða sér eins og krabbameinsfruma gagnvart öðrum þáttum heildarinnar. Til lengdar getur óábyrg framganga orðið til þess að veikja bæði réttarríkið og samfélagsgerðina með því að rýra traust og grafa undan hornsteinum og burðarstöðum. Réttar- og refsivörslukerfinu er ætlað að taka á og girða fyrir að brot gegn þessari heild verði samfélaginu of þungbær. Þetta eru ein helstu rökin fyrir því að ríkisvaldinu telst heimilt að beita afbrotamenn viðurlögum (Jónatan Þórmundsson 1992, 64 o.áfr.). Það er þó algjört grundvallaratriði í öllu þessu samhengi, að refsivarslan dugar ekki ein og sér ef hvorki valdhafar né borgarar finna nægilega til ábyrgðar sinnar eða afrækja skyldur sínar.

7. Lokaorð

Þroskuð samfélagsgerð hlýtur að snúa vitund borgaranna og lögum sínum í átt frá einstrengingshætti, einsýni og hjáðningavígum, í átt til gagnkvæmni, samhljóms og virðingar. Af því sem fyrr greinir má ljóst vera að menn voru fyrir löngu búnir að öðlast á því glöggan skilning að þetta er hinn rauði þráður sem liggur í gegnum lögin. Enginn spuna-meistari, hvar í flokki sem hann kann að standa, hefur einkarétt á því að fara óábyrgum höndum um þann þráð. Hér er of mikið í húfi. Lögin eru, sem fyrr segir, einingarband samfélagsins og til þess má ekki koma að þau bönd trosni, hvað þá bresti. Verði hætta á slíku rofi raunveruleg, mætti með sannni segja að ögurstund sé upp runnin í samfélagi manna. Við slíkar aðstæður þurfum við á allri okkar samanlögðu þekkingu, reynslu og skynsemi að halda. Orð Þorgeirs Ljósveitningagoða um lögin og samfélagið voru töluð inn í slíkan tíma og eiga erindi við okkur enn í dag. Við getum séð hann fyrir okkur þar sem hann stígur fram undan feldinum með ógn aðsteðjandi borgarastríðs á herðunum. Engum sem heyrir orð hans blandast hugur um að hann hefur vandað sig við að ljá orðum sínum vængi. Fljúga þau enn á 21. öld? Með vísan til alls framanritaðs verður hér lagt fram svofellt svar: Við fæðumst öll inn í samfélag með öðrum mönnum og þiggjum þaðan ýmiss konar vernd og réttindi. Þegar þroska er náð verður okkur ljóst að réttur

okkar er ekki einhliða heldur byggist hann á gagnkvæmni. Þannig byggist farsæld manna á því að hver hafi *lög* við annan, þ.e. að við lifum í friði fremur en ófriði, að við útkljáum deilur okkar með orðum og ábyrgð en ekki ofbeldi og ábyrgðarleysi. Eins og vikið var að í 4. kafla skuldbinda þessar staðreyndir okkur. Þær birta okkur hinn skyldubundna veruleika sem ekkert frelsi og engin réttindi geta staðið án. Vitsmunir og framsýni Ljósvetningagoðans birtast gleggst í því að öfugt við stjórnmálaorðræðu nútímans lagði hann út frá þessum grunni skyldunnar. Skilningur hans á lagahugtakinu færir okkur enda heim sanninn um að honum var fyllilega ljóst samhengi skyldna, ábyrgðar, frelsis og réttinda. Ábyrgð okkar birtist því ekki aðeins í lagalegum skyldum, heldur einnig, þegar að er gáð, í siðferðilegum og samfélagslegum skyldum. Þessar skyldur berum við þannig óhjákvæmilega gagnvart öðru fólki, en þó fyrst og síðast gagnvart okkur sjálfum.

Allir hafa skyldur við samfélagið, enda getur það eitt tryggt fullan og frjálsan persónuþroska einstaklingsins

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu Þjóðanna, 1. mgr. 29. gr.

(Samþykkt á allsherjarþingi SÞ 10. desember 1948)

Aftanmálgreinar

- 1 Hér er vísað til efnislegs inntaks en ekki formskilyrða.
- 2 Rétt eins Þorgeir Ljósvetningagoði, sem títt hefur verið nefndur hér að framan, telur Rawls rétt að menn leggist undir feld þegar taka þarf mikilvægar ákvarðanir um samfélag, lög og stjórnmál. Samkvæmt kenningu Rawls um réttlætið ber að taka slíkar ákvarðanir á bak við svokallaðan fávísisfeld sem byrgir mönnum sýn á eigin hagsmuni og skoðanir. Framsetning Rawls að þessu leyti byggir á því besta leiðin til að tryggja réttlátar ákvarðanir í ofangreindum efnum sé að sjá til þess að viðkomandi hafi engar upplýsingar um hvernig hagsmunum þeirra verður í reynd háttað í því samfélagi sem til umfjöllunar er, þ.e. þegar feldinum verður svipt frá og raunveruleikinn tekur við (sjá Rawls 2000, 118 o. áfr.).
- 3 Í þessu samhengi ber að geta þess að John Austin (f. 1790, d. 1859) leit á lög sem fyrirskipanir valdhafa og að ekkert gæti talist til laga sem ekki fæli í sér slíka fyrirskipun. Þessi framsetning hefur mjög verið gagnrýnd af ýmsum síðari tíma mönnum, s.s. H.L.A. Hart (f. 1907, d. 1992) (sjá t.d. Wacks 2005, 56-57).
- 4 Í þessu samhengi má vísa til eftirfarandi orða Tómasar Aquino: „Hin skynsemi gædda skepna [...] hefur eðlishneigð til athafnar og markmiðs sem hæfir henni. Og þessi hlutdeild eilífu laganna í hinni skynsemi gæddu skepnu kallast eðlislög.“ Í beinu framhaldi segir jafnframt á sama stað: „[...] ljós eðlislægrar skynsemi [...] gerir oss kleift að greina á milli góðs og ills [...]“ (Tómas af Aquino 2004, 78).

Heimildir

Aristóteles. (1997). *The Politics of Aristotle*. Chapel Hill: University of North Carolina Press.

Arnar Þór Jónsson. (2010). „Yfirvald eða sammæli? – Lögin sem afsprengi tveggja aflvaka“, *Tímarit Lögfréttu* 2.

Áhöfnin á Hákonu EA-148. (2011). „Gerum útrásarvíkingana útlæga um aldur og ævi“. Sótt 9. júní 2015 á <http://hakonea.blog.is/blog/hakonea/>

Barden, G. og Murphy, T. (2010). *Law and Justice in Community*. Oxford: Oxford University Press.

- Benedikt Björnsson. (1928). *Þjóðskipulag Íslendinga*. Kenslubók handa alþýðuskólum og í heimahúsum. Akureyri: Bókaverslun Þorsteins M. Jónssonar.
- Björn Þ. Guðmundsson. (1973). *Lögbokein þín*. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur.
- Brennunjáls-saga. (1945). Reykjavík: Helgafell.
- Dworkin, R. (1986). *Law's Empire*. Cambridge: Belknap Press of Harvard University Press.
- Finnis, J. (1980). *Natural Law and Natural Rights*. Oxford: Oxford, Clarendon Press.
- Fuller, L.L. (1969). *The Morality of Law*. New Haven: Yale University Press.
- Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins. (1992). Reykjavík: Mál og menning.
- Hafsteinn Þór Hauksson og Skúli Magnússon. (2014). *Kaflar í réttarheimspeki*. Reykjavík: Codex.
- Hart, H.L.A. (2012). *The Concept of Law*. (3. útg). Oxford: Oxford University Press.
- Hobbes, T. (1985). *Leviathan*. London: Penguin Classics.
- Hobbes, T. (2007). *Leviathan*. Radford: Wilder Publications.
- Íslendingabók Ara fróða Þorgilssonar
Jobsbók.
- Jónas Hallgrímsson. (1989). „Gunnarshólmi“ í Haukur Hannesson, í Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson (ritstj.). *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar*. Reykjavík: Svart á hvítu.
- Jónas Kristjánsson. (2009). „Lögin ein duga ekki“ Sótt 9. júní 2015 á <http://www.jonas.is/login-ein-duga-ekki/>
- Jónatan Þórmundsson. (1992). *Víðurlög við afbrotum*. Reykjavík: Bókaútgáfa Orators.
- Jørgensen, S. (1970). *Ret og Samfund*. Kaupmannahöfn: Berlinske Forlag.
- Kant, I. (1991). *Political Writings*. Reiss, H.S. (ritstj.). Nisbet H.B. (þýð.). Cambridge: Cambridge University Press.
- Lára Hanna Einarisdóttir. (2008). „Apríl-gabb forsætisráðherra“ Sótt 9. júní 2015 á <http://blog.pressan.is/larahanna/2008/12/29/aprilgabb-forsætisradherra/>
- Nozick, R. (1974). *Anarchy, State and Utopia*. New York: Basic Books.
- Platón. (1973). *Síðustu dagar Sókratesar*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Rachels, J. (1997). *Stefnur og straumar í siðfræði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Rawls, J. (2000). *A Theory of Justice*. Oxford: Oxford University Press.
- Sigurður Lindal. (2003). *Um lög og lögfræði* (2. útg.). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Tómas af Aquino. (2004). *Um lög*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Tuorí, K. (2011). *Ratio and Voluntas: The Tension Between Reason and Will in Law*. Farnham: Ashgate.
- Umræðuvefur á bland.is (2011). „Fangaflug til Íslands“ Sótt 9. júní 2015 á <https://bland.is/umraeda/fangaflug-til-islands/22669229/>
- Wacks, R. (2005). *Understanding Jurisprudence: An Introduction to Legal Theory*. Oxford: Oxford University Press.
- Þórður Eyjólfsson. (1967). *Lagastafir*. Reykjavík: Hlaðbúð.

